

FRAMHALDSSKÓLINN Í VESTMANNAEYJUM

Vorönn

1

SAG103

Próftími 90 mínútur

Nafn : _____

Kennari:

Hjálpargögn:

Til athugunar:


Engin utan skriffæri

Prófið er á 9 tölusettum síðum að forsiðu meðtalinni.

Gakktu úr skugga um að svo sé um þitt eintak!

Prófið er í 5 hlutum:

- I. Krossar30%
- II. Efnisspurningar/skilgreiningar.....20%
- III. Tengiverkefni10%
- IV. Kort / myndir20%
- V. Valspurningar.....20%



I. Krossar (30%) Settu X í svigann framan við rétt svar

1. *Súmerar* eru í hópi elstu menningarþjóða sem þekktar eru en heimkynni þeira voru í...
 - () Egyptalandi
 - () Kananslandi
 - () Grikklandi
 - () Mesópótamíu

2. *Fyrsta klaustrið* var stofnað á 6. öld af Benedikt frá Núrsíu. Í hvaða landi stóð þetta fyrsta klaustur?
 - () Egyptalandi
 - () Frakklandi
 - () Grikklandi
 - () Ítalíu

3. Þessi *trúarleiðtogi* taldi að Guð hefði frá upphafi ætlað hverjum manni frelsun eða glötun. Því yrði ekki breytt og hið eina sem menn gætu gert væri að lifa samkvæmt því sem segði í Bilíunni í þeirri von að þeir væru útvaldir til að frelsast. Trúarleiðtoginn var...
 - () Jóhann Húss
 - () Jóhann Kalvín
 - () Marteinn Lúther
 - () Hinrik 8.

4. *Merkantílsmi* felur það í sér að dregið er úr innflutningi en útflutningur aukinn sem verða má. Annað heiti á merkantílsma er...
 - () búauðgistejna
 - () píetismi
 - () kaupauðgistejna
 - () kamentalismi

5. *Hannibal*, sonur Hamilcars, var foringi...
- Spartverja
 - Púnverja
 - Persa
 - Trójumanna
6. "*Sólin er miðja alheimsins*," er fyrst haft eftir ...
- Galileo Galilei
 - Kópernikusi
 - Leonardo da Vinci
 - Erasmus frá Rotterdam
7. Árið 1651 voru sett svokölluð *siglingalög*, en þau breyttu mjög valdastöðu Evrópuríkja. Ríkið sem lögin setti og kom sér þannig í valdaforystu var...
- England
 - Frakkland
 - Holland
 - Spánn
8. Sá er fyrstur setti afdráttarlaust fram kröfuna um *þrískipt ríkisvald* (löggjafar-, framkvæmda- og dómsvald) var...
- skoski hagfræðingurinn Adam Smith
 - franskur rithöfundurinn Voltaire
 - ítalski endurreisnarmaðurinn Machiavelli
 - franskur heimspekingurinn Montesquieu
9. *Tímabilið 874-930* í sögu Íslands nefnist...
- Landnámsöld
 - Goðaöld
 - Þjóðveldisöld
 - Enska öldin

10. *Karmalög*málið heyrir til...

- Hindúisma
- Búddisma
- Taóisma
- Píetisma

11. Ástæða þess að *Ólympíuleikarnir* í Grikklandi lögðust af um 400 e.Kr. (en þeir voru síðan endurvaktir 1896) ...

- voru ítrekaðar innrásir Persa í Grikkland
- var andstaða Rómverja við leikana
- var andstaða kristinna manna við leikana
- var sú að menn nemtu ekki lengur að sækja leikana þar sem Spartverjar unnu alltaf allar greinar

12. Megintilgangur *Krossferðanna* var að ...

- koma í veg fyrir að Saldín soldán næði að sameina alla múslima undir eina stjórn
- ná krossi Krists af Seldsjúkum (Tyrkjum)
- frelsa borgina helgu, Jerúsalem, úr höndum múslima og tryggja yfirráð kristinna yfir borginni
- tryggja flutninga á kryddvörum frá Asíu til Evrópu

13. Miklar ofsóknir hófust gegn kristnum í Róm um 70 e.Kr. Fyrir ofsóknunum stóð keisari, sem einnig er frægur fyrir að hafa leikið á fiðlu (hörpu?) á meðan borgin brann, en sá hét...

- Cládíus
- Calígúla
- Ágústus
- Neró

14. *Nýöld* er sögð hefjast...

- við fall Vestrómverska ríkisins um 500
- við kristnitöku árið 1000
- við landafundi um 1500
- með frönsku stjórnabyltingunni undir 1800

15. Bókin sem veitir okkur mestar upplýsingar um *Ásatrú* myndi vera...

- Landnáma
- Snorra-Edda
- Heimskringla
- Sturlunga

II. Svárið eftirfarandi viðfangsefnum í stuttu máli (20%)

1. Hvar var *Hammúrabí* konungur og hvert er höfuðeinkenni laganna sem við hann eru kennd? _____

2. Hvar stóðu borgirnar *Mýkena* og *Knossos* og hvers vegna er þeirra mjög getið í sögunni? _____

3. Hvað voru og hvaða hlutverkum gegndu *gildi* á miðöldum? _____

4. Hverjar eru hinar svokölluðu *súlur íslams*? _____

5. Á nýlendutímanum var mjög stunduð *þríhyrningsverslun*. Hvernig gekk slík verslun fyrir sig? _____

III. Tengiverkefni (10%) Tengdu saman með því að setja viðeigandi tölustaf í miðdálkinn:

1	Babýlóníuríkið hið fyrra	Jóhanna af Örk
2	Versalir	Inúítar
3	Fönikía	Karþagó
4	Krossferðir	Loðvík IVX.
5	Mekka	Katrín mikla
6	100 ára stríðið	Kaba
7	Makedónía	Hammúrabí
8	Algeirsborg	Ríkharður ljónshjarta
9	Rússland	Grindavík
10	Grænland	Alexander mikli

IV. Korta-/myndarýni (20%)

1. Merkið eftirtalda staði inn á kortið hér að neðan. Notið bókstafina! (8)

- | | | |
|----------------|--------------|------------|
| A. Mesópótamía | B. Rauðahaf | C. Níl |
| D. Karþagó | E. Svartahaf | F. Sikiley |
| G. Arabíuskagi | H. Ítalía | |




2. Hvaða landkönnuður sigldi fyrstur (6)

a) rauðu leiðina? _____

b) bláu leiðina? _____

c) grænu leiðina? _____



3. Hvaða menningarþjóð fornaldar er líklegust til að hafa reist þetta mannvirki? Hvernig veistu? Hvaða tilgangi þjónaði það? (6)



